

Ad.

23. Frumvarp

til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Gullbringu- og Kjósarsýsla skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

2. gr.

Hafnarfjarðarkaupstaður skal vera eitt kjördæmi og kjósa einn alþingismann.

3. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda við næstu almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Það hefir um langt skeið verið almenn krafa Hafnfirðinga, að kaupstaðurinn yrði gerður að sjerstöku kjördæmi. Nú er kaupstaðurinn einhver hinn stærsti á landinu; íbúar eru nú um 3000 (2998 við manntal í nóv. 1925). Sú hefir og verið regla löggjafarvaldsins, að gera kaupstaðina að sjerstökum kjördæmum jafnóðum og þeir hafa vaxið svo að mannsjölda, að þeir áttu sanngirniskröfu til þess, móts við önnur kjördæmi. En slík rjettarbót handa íbúum Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir dregist svo, að lengur má ekki við una.